

Fimmtudaginn 1. desember 1977.

Nr. 34/1976. **Rammi h/f**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Birgi Jónassyni
og gagnsök.
(Örn Clausen hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einars-son og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. febrúar 1976. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, „að sök verði skipt í málinu og kröfur gagnáfrýjanda aðeins að hluta teknar til greina“. Þá er krafist málskostnað-
ar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. febrúar 1976. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmd-
ur til að greiða sér samtals 2.538.490 krónur með 7% árs-
vöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxt-
um frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði
og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar héraðs-
dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi uppi hærri fjárkröf-
ur en í héraði. Er ekki efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt
45. gr. laga nr. 75/1973.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að
leggja óskipta bótaábyrgð á aðaláfrýjanda vegna tjóns þess,
er gagnáfrýjandi hlaut við vinnu í þágu hans hinn 22. janúar
1971.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur hinn 17.
mars 1976 áætlað að nýju tjón gagnáfrýjanda vegna varan-
legrar örorku hans. Er hinn nýi útreikningur reistur á tvenns
konar forsendum. Eru annars vegar lagðir til grundvallar 7%

ársvextir frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvextir til frambúðar, en hins vegar sömu vextir og við fyrri aðferð til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvextir til frambúðar. Í báðum tilvikum eru lagðar til grundvallar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Við hinn nýja útreikning er tekið tillit til hækkana á launatöxtum og að samið hafi verið um „þrepahækkanir fram í tímann fyrir flesta launþega“. Örorkutjónið, þannig reiknað, telst honum vera að verðmæti 2.751.546 krónur, ef byggt er á fyrri forsendum, en 2.155.587 krónur, ef miðað er við síðari forsendurnar.

Örorkubætur til gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar 1.400.000 krónur, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, er gagnáfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjanda. Bætur fyrir þjáningar og lýti þykja hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Ber samkvæmt því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 1.650.000 krónur með vöxtum, eins og krafist hefur verið, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Rammi h/f, greiði gagnáfrýjanda, Birgi Jónassyni, 1.650.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Birgir Jónason, Faxabraut 27, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 5. júní 1973, á hendur Ramma h/f, Ytri Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.413.214 auk 7% ársvaxta af kr. 2.132.445 frá 22. janúar 1971 til 1. maí 1973 og

9% ársvaxta frá þeim dagi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, allt að frádregnum kr. 269.269.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans, til vara, að stefnandi verði látinn bera meginhluta tjóns síns og verði málskostnaður þá látinn falla niður, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnandi hefur stefnt Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Á hendur félaginu eru ekki gerðar kröfur, og af þess hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að hinn 22. janúar 1971, er stefnandi var að saga timbur í vélsög á vinnustað stefnda, þar sem hann starfaði, hrökk aðskotahlutur í hægra auga hans. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur til lækni í Keflavík, en síðan til lækni í Reykjavík. Lögreglunni í Keflavík var fljótlega tilkynnt slysið, og kom lögreglumaður á vettvang. Í skýrslu lögreglumannsins, Hauks Guðmundssonar, kemur fram, að enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu, en verkstjórinn, Júlíus Gunnarsson, hafi sagt stefnanda hafa fengið flís í augað, er hann var að vinna við ristisög á verkstæðinu, og hefði vökvi runnið úr auganu. Hinn 24. febrúar 1971 gaf stefnandi skýrslu fyrir lögreglunni í Keflavík. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að vinna við að rista við í þar til gerðri ristisög, er hann hefði skyndilega fengið aðskotahlut í hægra augað. Ekki kvað hann sjónarvotta hafa verið að atburðinum. Stefnandi kvaðst hafa farið tafarlaust til verkstjórans, Júlíusar Gunnarssonar, sem hefði flutt sig til Arnþjórnar Ólafssonar, lækni í Keflavík. Hefði læknirinn skoðað augað, en síðan sent hann á Landakotsspítalann, þar sem Haukur Þorleifsson læknir hafi gert athuganir og framkvæmt aðgerðir á auganu, en það hafi að lokum verið fjarlæggt. Hann kvað hlífðargleraugu venjulega ekki notuð við vél þá, sem hann var að vinna við. Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmdi rannsókn út af atburði þessum, og er fram komin skýrsla stofnunarinnar um slysið. Hefur skýrslan að geyma svohljóðandi frásögn Einarssonar, framleiðslustjóra stefnda: „Slasaði hafði fengið það verkefni að saga niður úrgangsefni í millilegg í hurðir. Þegar slasaði hafði sagað ca. 77 cm inn í eina spýtuna, skellur einhver hlutur í auga hans og orsakar slysið. Eftir öllum ummerkjum að dæma virðist

slasaði hafa unnið réttilega við sögina, eins og hans er vandi. Slasaða var strax komið undir læknishendur.“ Þá hefur skýrslan að geyma svohljóðandi frásögn stefnanda sjálfs: „Ég undirritaður hef unnið hjá Gluggaverksmiðjunni Ramma h.f., Ytri-Njarðvík, frá júní 1969, sem iðnverkamaður. Slysdaginn þann 22/1 1971 var mér meðal annars falið að rista niður úrgangsefni í millilegg í hurðir. Þetta verk vann ég í hjólsög, sem ég var þaukunnugur. Þegar ég er búinn að saga ca. 70—80 cm inn í einn plankann, þá þýtur skyndilega einhver hlutur úr plankanum í auga mér, úr sagarfarinu, og orsakar slysið. Ég stöðvaði vélina strax og tilkynnti verkstjóra, hvað komið hefði fyrir, var mér þá strax komið undir læknishendur. Ég tel vinnuaðstöðu góða á verkstæðinu.“ Umsögn Garðars Halldórssonar öryggiseftirlitsmanns um slysið er síðan svohljóðandi: „Hjólsögin er staðsett á annarri hæð verkstæðisins, en þar er, sem og annars staðar í fyrirtækinu, góð vinnuaðstaða. Í hjólsöginu var 16” blað, og efni, sem slasaði var að saga, var 11,6x5,3x225 cm úrgangstimbur. Við athugun á sagarfarinu, sem var ca. 77 cm að lengd, var ekki hægt að sjá, hvaða hlutur muni hafa þeytt í auga slasaða. Hjólsöginu fylgir framdrif, sem virkar sem hlíf yfir sagarblaðið. Ef ekki er hægt að nota framdrifið, verður að gæta sérstakrar varúðar við sögina og nota hlífðargleraugu eða annan hlífðarbúnað, og hlífðargleraugu sá ég á verkstæðinu 26/1 við rannsókn slyssins.“

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur til Arnbjörns Ólafssonar, læknis í Keflavík, en Arnbjörn sendi hann síðan á Landakotsspítalann í Reykjavík. Í vottorði Hauks Þorleifssonar læknis segir svo um ástand stefnanda og meðferð þá, sem hann hlaut í sjúkrahúsinu:

„38 ára gamall maður, innlagður acut vegna perforationar á hægri auga 22. janúar. Hafði hann verið að saga timbur, er hann fékk högg á augað. Saga hans var svo eindregin í þá átt, að hann hefði fengið kvist í augað, að ekki var gerð Rtg.myndun þá, heldur saumað saman cornea sárið primert með 12 sporum. Mikil erting hélzt í auganu þrátt fyrir kröftuga steroid og antibiotica meðferð. Enn fremur mikil erting í hinu auganu. Var þá gerð Rtg.myndun, sem sýndi mjög Rtg.þéttan blett 2 x 5 mm í auganu 5 mm aftan við limbus í hálf 6 meridanum. Var þá gerð exploration með magnet, en ekki vottaði fyrir magnetiskum áhrifum. Vegna hættu af sympatiskum opthalmitis var augað enucleerað og sent í histologiska rannsókn. Svar hefur ekki enn borizt.

Eftir enucleation heilsaðist honum vel, bólgan rann af auganu

fljótt, og hann þoldi strax að horfa með hinu auganu. Við útskrift líður honum vel. Búinn að fá prothesu og vinstra augað algjörlega eðlilegt.“

Á framangreint vottorð hefur síðan verið skráð eftirfarandi:

„Niðurstaða svar frá R.H.:

CORPUS ALIENUM OCULI DX.
ET HÆMORHAGIA CUM
ABLATIO RETINAE.

.....

Viðbót við bréf:

Corp. al. var gljáandi málmflís,
ekki magnetisk.“

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann sé verka-
maður og hafi starfað á verkstæði stefnda frá því í júnímánuði
1969. Fyrir þann tíma kveðst hann ekki hafa unnið verkstæðis-
vinnu, en kveðst hafa unnið við trésmíðar í byggingavinnu. Á
verkstæði stefnda kveðst hann hafa unnið alls konar vinnu, sem
þar var um að ræða. Hafi aðallega verið unnin vélavinna, en lítið
hafi verið gert af því að setja saman hluti. Hann kveðst oft áður
hafa unnið við vél þá, sem slysið varð við. Er slysið varð, kveðst
hann hafa unnið við að saga niður úrgangstimbur, sem átt hafi
að nota sem millilegg í hurðir. Hann kveður lista þann, sem hann
var að saga niður, hafa verið karmastykki og hafi verið í því fú-
inn kvistur. Hafi þetta því verið úrgangstimbur, sem nota hafi
átt í hurðarmillilegg. Hann kveður carbíð-blöð vera notuð í sög-
inni og kveður aðeins hægt að saga með einum hraða. Hann kveð-
ur nokkuð gott bit hafa verið í blaðinu í söginni og kveðst ekki
hafa tekið eftir, hvort því hafi verið áfátt. Stefnandi kveður sér
hafa verið sýnt í upphafi starfs síns, hvernig hann ætti að standa
við vélina, en ekki hafi hann fengið önnur fyrirmæli eða leiðbein-
ingar. Er slysið varð, kveðst hann hafa staðið við vélina eins og
honum var leiðbeint um. Hann hafi staðið við borðið og ýtt list-
anum frá sér eftir borðinu á móti snúningshraða sagarblaðsins.
Ekki kveður hann neitt hafa verið á borðinu til að halda listanum
niðri. Kveðst hann hafa ýtt ofan á listann með vinstri hendinni,
en ýtt honum áfram með þeirri hægri. Ekki kveður hann hlíf hafa
verið til á verkstæðinu til að hafa yfir sagarblaðinu. Á verkstæð-
inu kveður hann hafa verið til tvö framdrif, sem hægt hafi verið
að nota við þessa sög, afréttara og fræsara á verkstæðinu, en ann-
að framdrifið hafi verið bilað og hafi hitt verið flutt á milli tækj-
anna og hafi það verið í notkun við fræsara, þegar slysið varð. Á

verkstæðinu kveður hann hafa verið til ein öryggisglæraugu, sem hann hafi átt sjálfur. Hann kveður þetta vera lítil glæraugu úr plasti og hafi hann reynt að nota þau, þegar hann var að vinna við fræsara, en móða hafi viljað setjast innan á þau og hafi hann ekki getað notað þau. Kveðst hann telja, að glæraugun séu ætluð til útivinnu, en ekki innivinnu. Ekki kveður hann annan útbúnað hafa verið til á verkstæðinu til að hlífa andlitinu. Stefnandi kveðst hafa farið að vinna á verkstæðinu að nýju eftir slysið og hafi þá verið keyptir (andlitsskermar) öryggishjálmar eða hlífar, sem hlífi andlitinu. Eftir slysið kveðst hann að mestu hafa unnið á skrifstofu fyrirtækisins, en aðeins að litlu leyti við framleiðslu.

Vitnið Júlíus Gunnarsson, verkstjóri á trésmíðaverkstæði stefnda, sem er trésmíður að mennt, kveðst hafa starfað um sex ára skeið að gluggasmíði hjá stefnda. Júlíus kveðst hafa verið staddur á verkstæðinu, er slysið varð. Hann kveðst hafa verið að segja öðrum manni til, þegar slysið varð, og því snúið baki í vél þá, sem stefnandi vann við, en það hafi verið rístisög. Hann kveður stefnanda hafa komið til sín og haldið fyrir augað og hafi hann séð vökva renna niður kinn stefnanda. Kveðst hann hafa farið strax með stefnanda til læknis. Júlíus kveður stefnanda hafa verið að vinna við efni úr furu, sem búið hafi verið að vinna í glugga, en það komi oft fyrir, að hlutir, sem skemmist í framleiðslu, séu ristir niður í millilegg. Júlíus kveðst telja víst, að ekki hafi áður verið búið að negla í efni það, sem stefnandi var að vinna úr. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort einhverjir aðskotahlutir kunni að hafa verið í efninu. Júlíus kveðst hafa orðið var við aðskotahluti í timbri, sem unnið var úr á verkstæðinu, og hafi komið fyrir, að í timbri væru byssukúlur, högl og sprengjubrot. Hafi byssukúlurnar verið úr kopar eða með koparhúð, höglin úr blýi og sprengjubrotin úr einhverju mjög hörðu. Kveðst Júlíus eiga í fótum sínum aðskotahluti, sem verið hafi í timbri. Júlíus, sem hefur kynnt sér lista þann, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð, kveðst telja, að göt á listanum séu eftir bor. Júlíus kveður öryggishlíf hafa verið til á verkstæðinu til notkunar við vélina, en hún hafi verið stór og klunnaleg og hafi hún aldrei verið notuð, á meðan hann starfaði þar. Hlífin hafi verið það stór um sig, að þegar búið hafi verið að setja hana á vélina, hafi menn ekki séð sagarblaðið. Júlíus kveður Einar Gunnarsson framleiðslustjóra einu sinni hafa tekið hlífina og borið hana við, en þeim hafi ekki litist á að nota hana, því þá hafi ekki verið hægt að sjá sagarblaðið. Júlíus kveðst hafa athugað sagarblaðið, sem var

í söginni, þegar slysið varð, og hafi það verið í meðalgóðu ástandi. Við svona vinnu séu alltaf notuð carbid-blöð, en tennur á þeim vilji brotna og þá fari blaðið að bíta illa og þá séu þau send til viðgerðar í Reykjavík. Júlíus kveður tennur hafa verið byrjaðar að brotna í blaði því, sem í vélinni var. Hann kveðst ekki vera viss um það, hvort nýtt brot var á blaðinu. Oft sé erfitt að segja til um það, hvort brot sé nýtt eða gamalt, nema það sé því eldra. Júlíus kveður plastgleraugu hafa verið til á verkstæðinu, þegar slysið varð, og hafi stefnandi átt þau sjálfur, en ekki hafi verið til annar slíkur útbúnaður. Eftir slysið hafi svo verið keyptir hlífðarhjálmar fyrir andlit, þ. e. höfuðspöng með plasthlíf.

Fram er komin í málinu skýrsla Öryggiseftirlits ríkisins um skoðun á verkstæði stefnda, dags. 30. apríl 1970. Kemur þar fram, að engin athugasemd hafi verið gerð. Þá er komin fram skýrsla sömu stofnunar um skoðun á verkstæði stefnanda, dags. 26. janúar 1971. Samkvæmt skýrslunni var gerð ein athugasemd um ástand og búnað, svohljóðandi: „Hafa hlífðargler við smergelskífur.“ Var jafnframt mælt fyrir um það í skýrslunni, að bætt skyldi úr þessu ástandi strax. Stofnunin fékk til athugunar gleraugu þau, sem stefnandi átti á vinnustaðnum og lögð hafa verið fram í þessu máli. Umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 17. desember 1974, er svohljóðandi: „Umsögn um öryggisgleraugu, sýnd undirrituð-um 16. desember 1974: Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um framleiðanda og prófun frá viðurkenndri prófunarstöð á glerjun-um, getur eftirlitið ekki viðurkennt gleraugun sem slík, nema prófun fari fram. Varðandi hvort gleraugu séu óhentug vegna móðumyndunar, tel ég, að þau séu sambærileg að því leyti og viðurkennd öryggisgleraugu.“

Viðarlisti sá, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð, hefur verið lagður fram í máli þessu. Var Rannsóknastofnun iðnaðarins fengin til að rannsaka listann. Umsögn stofnunarinnar um rannsóknina, dags. 3. nóvember 1975, er svohljóðandi:

„1. Röntgenmyndun.

Beðið var um að athuga, hvort málmagnir gætu leynst inni í bitanum.

Gerð var tilraun til röntgenmyndunar á bitanum. Rekinn var nagli í bitann og einnig stráð á hann karbíðdufti fyrir myndun. Hvort tveggja kom fram á röntgenmynd. Naglinn, karbíðduftið og prufumyndin fylgja hér með.

Tíu röntgenmyndir (10 x 48 cm) voru teknar af bitanum. Málmagnir komu ekki fram í neinni þeirra.

2. Útlitsskoðun.

Korn sjást í lakki á bitanum. Nokkur þeirra eru merkt með rauðum hringjum. Taka ber fram, að korn á tveimur svæðum, sem merkt eru með tölunni 1, eru karbíðduft frá profumyndun.

Smásjárskoðun bendir til, að kornin séu lífræn, t. d. harpíx, og hafi verið í lakkinu eða sest í það við lökkunina. Þetta var ekki rannsakað nánar, enda er eðlilegast að gera samanburð á þessum kornum og korni því, sem deilt er um.“

Af hálfu stefnanda var því lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að frá hendi Rannsóknastofu Háskólans lægju ekki fyrir frekari upplýsingar um málmflísina í auga stefnanda og ekki væri unnt að rannsaka hana frekar, þar sem hún væri nú glötuð.

Krafa stefnanda er byggð á því, að aðskotahlutur sá, sem olli tjóni á auga hans, hafi komið úr blaði sagar þeirrar, sem hann vann við, enda séu allar líkur, sem bendi til þess. Hafi ástand blaðsins og sagarinnar verið ófullnægjandi. Einnig hafi verkstjórn verið áfátt og skort hafi á öryggisbúnað starfsmanna. Því beri stefndi sem vinnuveitandi fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Er því haldið fram, að sagarblaðið, sem var í vélinni, hafi verið orðið slitið og hafi kvarnast úr því. Þá hafi framdrif, sem nota átti við vélina, verið bilað, en hlíf, sem nota hafi átt við vélina, hafi verið of þung í meðföllum og hafi almennt ekki verið notuð. Er því haldið fram, að það hafi verið venja að láta starfsmenn nota vélina án hlífðarbúnaðar, en það sé andstætt ákvæðum 16. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952. Því er og haldið fram, að starfsmönnum stefnda hafi ekki verið séð fyrir hlífðarbúnaði fyrir augu til notkunar við vinnu vélar á verkstæðinu. Er því haldið fram, að öll þessi atriði megi rekja til skorts á verkstjórn á vinnustaðnum, en á því atriði beri stefndi ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum. Er því og haldið fram, að hér sé um að ræða atvinnurekstur, sem noti vélar, er hver fyrir sig sé hættuleg. Því sé um að ræða hættulegan atvinnurekstur. Því verði stefndi að bera ríkari ábyrgð en ella. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að honum verði ekki gefin sök á slysinu. Hann hafi unnið starf sitt með óaðfinnanlegum hætti við þær aðstæður, sem honum voru skapaðar af stefnda. Er því haldið fram, að hlífðargleraugu þau, sem hann átti á vinnustaðnum, hafi verið ætluð til útivinnu og hafi verið ónothæf við starf

það, sem hann var að vinna, en auk þess hafi þau ekki verið nógu traust til að koma í veg fyrir slysið. Það hafi því verið venja, að stefnandi notaði gleraugu ekki við starf þetta. Er á það bent, að eftir slysið hafi Öryggiseftirlit ríkisins mælt fyrir um annars konar hlífðarbúnað.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að orsakir slyssins verði eingöngu raktar til skorts á aðgæslu hjá stefnanda sjálfum, og því verði hann að bera tjón sitt sjálfur. Er því haldið fram, að ekki sé í ljós leitt, að aðskotahlutur sá, sem skaust í auga stefnanda, hafi komið úr sagarblaðinu og verði stefnandi að bera hallann af því. Er því haldið fram, að öryggisbúnaði og aðbúnaði á vinnustað hafi ekki í neinu verið áfátt. Ekki sé heldur um það að ræða, að vinna við vél þá, sem slysið varð við, eða atvinnurekstur stefnda í heild sé hættulegur. Er því haldið fram, að slysið verði ekki rakið til bilunar eða galla á söginni og ekki verði það heldur rakið til þess, að efni það, sem stefnandi var að vinna við, hafi verið varhugavert. Er á það bent, að Öryggiseftirlit ríkisins hafi síðast framkvæmt skoðun á vinnustaðnum, áður en slysið varð, hinn 26. janúar 1971 og hafi þá ekki komið fram athugasemd um annað en það, að hlífðarglæraugu skyldu höfð við smergelskífur. Við skoðun, sem framkvæmd hafi verið eftir slysið, hafi ekki verið gefin nein fyrirmæli um úrbætur við sögina og ekki hafi verið gefin fyrirmæli um notkun hlífðarhjálms. Er því og haldið fram, að hlífðarhjálmur hefði ekki komið í veg fyrir slysið. Þá er á það bent, að stefnandi hafi lengi verið búinn að vinna trésmíðastörf og hafi hann verið gerkunnugur aðstæðum á vinnustað og búnaði og notkun umræddrar vélar. Hann hafi því átt að vita, hvenær þörf var fyrir sérstakan búnað, sem vélinni fylgdi, þ. e. framdrif og hlíf. Geti hann ekki sakað aðra um vanrækslu þá, sem hann hafi sjálfur sýnt í því efni. Þá er á það bent, að stefnandi hafi sjálfur átt öryggisglæraugu á vinnustaðnum og hafi honum borið að nota þau við umrætt starf, en vanræksla í því efni verði að meta honum til sakar. Er því og haldið fram, að það verði einnig að meta stefnanda til sakar, að hann hafi ekki bent verkstjóranum á, ef hann taldi öryggisglæraugu vanta á vinnustaðinn, en það hafi stefnanda borið að gera skv. 6. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.

Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda, að starfsemi sú, sem stefndi rekur, sé svo hættuleg eða einstakar vélar á verkstaðinu séu svo hættulegar, að um sé að ræða hættulegan atvinnurekstur samkvæmt reglum skaðabótaréttarins.

Júlíus Gunnarsson, verkstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi orðið var við aðskotahluti í timbri, sem unnið var úr á verkstæði stefnda. Hafi komið fyrir, að í timbrinu væru högl, byssukúlur og sprengjubrot. Einnig kveður hann tennur í carbid-blöðum, sem notuð eru í umræddri sög, vilja brotna. Auga stefnanda með aðskotahlutnum í var sent til rannsóknar í Rannsóknastofu Háskólans, og var niðurstaða rannsóknar þar sú, að hlutur þessi hefði verið „gljáandi málmflís ekki magnetisk.“ Svo sem ál gefur carbidstál ekki segulsvörun. Ekki liggja fyrir óbyggjandi upplýsingar um það, hvaðan málmflísin kom, sem lenti í auga stefnanda með fyrrgreindum afleiðingum. Það er álit dómsins, að hvort sem hún hafi verið úr mjúkum eða hörðum málm, þá hafi hún annað hvort komið úr óþekktum hlut í sagarfarinu í viðarlistanum og verið þeytt í augað af sagarblaðinu eða að hún hafi komið úr sagarblaðinu sjálfu. Telur dómurinn yfirgnæfandi líkur fyrir því, að málmflísin hafi komið úr einni tönn sagarblaðsins, enda útiloka upplýsingar þær, sem fyrir liggja, ekki, að málmflísin geti verið úr carbidstáli. Þegar virt er vitneskja sú, sem fyrirsvarsmenn stefnda höfðu um hættueiginleika vélarinnar samkvæmt framburði Júlíusar Gunnarssonar, þá bar þeim að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af notkun vélarinnar. Bar þeim að sjá um, að nothæfar hlífar væru á vélinni eða að starfsmenn fengju til afnota fullnægjandi búnað til hlífðar augum. Engar hlífar voru á vélinni, og verður ekki annað ráðið af framburði Júlíusar en að vélin hafi almennt verið notuð án hlífðarbúnaðar. Þá er og fram komið, að á verkstæðinu var ekki annar hlífðarbúnaður fyrir augu en ein gleraugu úr plasti, sem stefnandi átti sjálfur. Stefnandi taldi gleraugu þessi óþægileg við vinnu á verkstæðinu og notaði þau ekki, svo sem hann hefur skýrt frá. Gleraugu þessi hafa verið lögð fram í málinu. Það er álit dómsins, að gleraugu þessi séu ekki hentug sem hlífðarglæraugu við innivinnu sökum lélegrar loftræstingar og hættu á móðumyndun. Auk þess er plastið fyrir augunum matt og rispað, og skerða glæraugun sjón þess, sem notar þau. Verður æð telja, að kostur hafi verið betri hlífðarbúnaður, og bar fyrirsvarsmönnum stefnda að sjá um, að hann væri tiltækur. Verður það því ekki metið stefnanda til sakar, þótt hann notaði ekki glæraugun við starf sitt í umrætt sinn. Þá þykir það ekki heldur verða metið stefnanda til sakar, þótt hann benti fyrirsvarsmönnum stefnda ekki á þennan skort á öryggisbúnaði við vélina, þar sem almennt virðist hafa verið ætlast til og látið viðgangast, að starfs-

menn ynnu við vélina við þessar aðstæður. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á önnur atvik, er ættu að leiða til þess, að stefnanda verði gert að bera tjón sitt að einhverju leyti sjálfur. Verður að líta svo á, að umrætt slys og tjón það, sem af því varð fyrir stefnanda, verði rakið til atvika, sem stefndi ber ábyrgð á sem vinnuveitandi stefnanda. Verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að öllu leyti lögð á stefnda. Þykir það ekki eiga breyta neinu um niðurstöðu þessa, þótt ekki hafi verið gerðar athugasemdir af hálfu starfsmanna Öryggiseftirlits ríkisins varðandi búnað vélar þessarar við athuganir, áður en slys þetta varð.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 1.801.714
2. Útlagður kostnaður:	
Greitt Stefáni Guðnasyni fyrir	
örorkumat	kr. 2.000
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjóns-	
útreikning 11. maí 1971	— 4.000
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjóns-	
útreikning	— 3.000
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjóns-	
útreikning 10. mars 1972	— 2.500 — 11.500
3. Miskabætur	— 600.000

Samtals kr. 2.413.214

Kemur og fram í kröfugerð stefnanda, að frá þessari fjárhæð eigi að draga greiðslur þær, sem stefnandi hafi fengið, en þær séu þessar: dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 2.646, eingreiðsla örorkubóta frá sömu stofnun, kr. 238.960, og laun frá stefnda fyrstu fjórar vikurnar eftir slysið, kr. 27.663. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 2.143.945.

Um 1. Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 28. apríl 1971, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði var að vinna í trésmiðju við hjólsög, er flís hrökk í auga hans. Hann fór strax til Arnbjörns Ólafssonar, læknis í Keflavík, sem sendi hann þegar í stað í Landakotsspítala í Reykjavík.

Fyrir liggur vottorð Harðar Þorleifssonar augnlæknis, Reykjavík, dags. 12/3 1971, svohljóðandi:

„Ég undirritaður hef stundað Birgi Jónasson, Faxabraut 27, Keflavík, vegna augnslyss, sem hann hlaut þ. 22/1 1971, er hann var að saga timbur í vélsög á vinnustað. Mjög mikill áverki var á hægri auga, hornhimnan rifin þversum, augasteinnur tættur og málmlís, sem var ál, náðist ekki.

Jókst erting í auganu til muna í annarri viku legunnar, en lá á Landakotsspítala 22/1—16/2 1971.

Þegar svo stendur á, er hinu auganu mikil hættu búin, og var hægri augað þess vegna fjarlæggt 9/2 1971. Fannst álflísinn á fyrirframáætluðum stað, innkýld í augnvegginn að innanverðu. Jafnframt var mikil blæðing inni í auganu og nethimnan laus.

Honum heilsaðist vel eftir augntökuna, en var óvinnufær til febrúarloka.“

Ályktun: Um er að ræða 38 ára gamlan trésmið, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmum 3 mánuðum með þeim afleiðingum, að hann missti hægri auga sitt.

Slasaði lá í Landakotsspítala 22/1 til 16/2 1971. Taka varð úr honum hægri augað 9/2 1971 vegna afleiðinga slyssins.

Slasaði var óvinnufær og fékk slysadagpeninga frá Slysadeildinni hér í rúman mánuð, eða frá 22/1 til 28/2 1971.

Ekki eru horfur á breyttu ástandi, og þykir því tímabært að meta nú þá örorku, tímabundna og varanlega, sem slasaði telst hafa hlotið vegna afleiðinga þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá 22/2 1971 til 28/2 1971 100%

Eftir það varanlega 25%.“

Á grundvelli örorkumats þessa hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað verðmæti taps áætlaðra vinnutekna stefnanda. Um grundvöll útreikningsins að öðru leyti og niðurstöðu segir svo í bréfi Þóris, dags. 11. maí 1971:

„Aldur.

Birgir er sagður fæddur 11. apríl 1933 og hefur því verið 37 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattaframtölum Birgis árin 1969—1971 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1968 kr. 243.913.00

— 1969 — 241.232.21

— 1970 — 334.103.90

Birgir er trésmiður og hefur aflað þessara tekna sem slíkur. Ég hefi því umreiknað þær til kauplags nú samkvæmt breytingum á vinnutaxta trésmiða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar á næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega vinnutekjutapið sé 25% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 25%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap: v/tímab. ör.	v/varanl. ör.
1. árið eftir slysið	kr. 359.919.00	kr. 25.955.00	kr. 89.980.00
síðan árlega	— 359.919.00		— 89.980.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku	kr.	25.889.00
vegna varanlegrar örorku	—	1.090.369.00

Samtals kr. 1.116.258.00

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir á rétt á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins.
3. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Þórir hefur einng reiknað verðmæti taps áætlaðra vinnutekna stefnanda þrisvar síðar, síðast 10. mars 1975. Um grundvöll þessa útreiknings, að því leyti sem hann vísar frá grundvelli hins fyrsta útreiknings, og niðurstöðu hans segir svo í bréfi Þóris:

„Ég hef reiknað þetta tjón þrívægis áður, síðast með útreikningi dagsettum 16. marz 1973. Síðan hafa launataxtar trésmiða hækkað mjög mikið. Hins vegar hafa almennir vextir af spariinnlánum hækkað tvisvar. Einnig eru nú fyrir hendi nýjar íslenskar eftirlifendatöflu. Það verður því að reikna tjónið algjörlega að nýju

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Birgis árin 1969—1971 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1968 kr. 243.913.00

— 1969 — 241.232.21

— 1970 — 334.103.90

Birgir er trésmiður og hefur aflað þessara tekna sem slíkur. Ég hef því umreiknað þær til kauplags nú samkvæmt breytingum á vinnutaxta trésmiða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 25% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 25%:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 367.975	kr. 25.955	kr. 91.994
2. — — —	— 447.127	—	— 111.782
3. — — —	— 562.372	—	— 140.593
4. — — —	— 818.438	—	— 204.610
5. — — —	— 915.880	—	— 228.970
Síðan árlega	— 924.193	—	— 231.048

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning á verðmæti vinnutekjutaps hef ég notað tvær mismunandi forsendur um vexti.

Aðferð I: Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II: Notaðir eru sömu vextir og í aðferð I til 15. júlí 1974 og síðan 13% p. a. til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 25.889	kr. 25.889
Vegna varanlegrar örorku	— 2.104.468	— 1.689.041

Samtals kr. 2.130.357 kr. 1.714.930

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir á rétt á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Áður hefur verið rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Þórir Bergsson hefur gert nánari grein fyrir grundvelli þessa útreiknings síns með bréfi, dags. 15. apríl 1975. Segir þar svo:

„Að gefnu tilefni vil ég undirritaður geta þess, að við umreikning tekna Birgis Jónassonar vegna slyss 22. janúar 1971 notaði ég breytingar á taxta trésmiða, þar sem hann vann sem trésmiður á trésmiðataxta, þegar slysið varð.“

Það skal tekið fram, að ef notaður hefði verið taxti aðstoðarmanna iðnaðarmanna, hefði niðurstaða orðið mjög lík, en þó sennilega aðeins hærri varðandi varanlega örorku vegna láglæuna-bóta, er gilda frá 1. október s.l.“

Fjárhæð þessa liðar dómkröfu stefnanda er byggð á fyrsta útreikningi Þóris Bergssonar, en því er jafnframt haldið fram, að ljóst sé af síðasta útreikningnum, að tapað verðmæti áætlaðra vinnutekna stefnanda sé hærra en hér er krafist. Því beri að taka kröfulið þennan til greina að fullu, þótt tekið sé tillit til greiðslna þeirra, sem stefnandi hefur fengið, og til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárrí. Er á það bent, að stefnandi hafi haldið óskertum vinnutekjum eftir slysið og hann hafi haldið áfram starfi hjá stefnda. Einnig beri að draga frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda svo og greiðslur, sem hann kunni að hafa fengið úr samningsbundinni slysatryggingu. Þá er því haldið fram, að lækka beri fjárhæð þessa með tilliti til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis bóta sem þessara. Að lokum er því haldið fram, að miskasjónarmiða gæti mjög við læknisfræðilegt mat á örorku og beri að taka tillit til þess til lækkunar bóta samkvæmt þessum lið.

Leggja verður til grundvallar, að örorkumat Stefáns Guðnasonar sé mat á skertu aflahæfi stefnanda, byggt á læknisfræðilegum grundvelli. Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið um grundvöll kröfuliðar þessa, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar kr. 1.100.000. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins

og stefnda, og tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Ekki er komið fram, að stefnandi hafi keypt sérstaka slysatriggingu.

Um 2. Fjárhæð kröfuliðar þessa er byggð á framlögðum gögnum og hefur ekki sætt ákveðnum tölulegum andmælum, en af hálfu stefnda er talið, að kostnaður þessi falli undir málskostnað. Þykir því rétt að taka tillit til þessa kröfuliðar við ákvörðun málskostnaðar.

Um 3. Kröfuliður þessi er byggður á því, að af völdum slyssins hafi stefnandi hlotið mikinn og varanlegan áverka, er valdið hafi honum miklum sársauka, lýtum og varanlegum óþægindum og eigi hann rétt á sérstökum bótum af þeim sökum og sé fjárhæðinni í hóf stillt. Af hálfu stefnda er fjárhæðinni mótmælt sem allt of hárr. Hér að framan hefur verið lýst afleiðingum slyssins. Er ljóst, að stefnandi hefur orðið fyrir miklu áfalli. Hefur hann hlotið varanleg lýti og óþægindi. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 400.000.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.500.000, þ. e. kr. 1.100.000 + 400.000, með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 290.000, þar með talinn kostnaður samkvæmt 2. kröfulið dómkrafna stefnanda og annar útlagður kostnaður undir rekstri málsins.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Gunnari H. Bjarnasyni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Rammi h/f, greiði stefnanda, Birgi Jónassyni, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 290.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.